

FORMAÐUR EÐA ÞJÓÐHETJA?

Um daginn hitti ég kunningja minn utan af landi. Hann var áhyggjufullur. Eg spurði hann hvort honum litist ekki á landbúnaðarstefnuna.

„Jú,” sagði hann. „Eg veit náttúrulega ekkert um landbúnaðarstefnuna fremur en aðrir, svo það er annað sem ég hef áhyggjur af.”

„Og hvað er það, með leyfi?” „Þannig er,” sagði kunningi minn, „að vinkona mín og samkennari (kunningi minn er nefnilega kennari úti á landi) var nýlega kjörin formaður ungmennafélagsins.”

„Formaður ungmennafélagsins?” hváði ég. „Er það nútíminn? Skiptir einhverju máli hver er formaður ungmennafélagsins?”

„Já, það er verkurinn,” sagði hann. „Þetta er ekki merkilegt félag, en þetta er félagið okkar þarna í hreppnum, og það skiptir okkur máli hver er formaður, bótt formaðurinn ráði sosomeg

félagins um að stjórna öllu klabbinu?”

„Nei, það er öðruvísi,” sagði hann. „Auðvitað stjórnar hreppsnefndin, til þess er hún kosin bótt útsvörin séu alltaf of há og ekkert sé framkvæmt. En formaður ungmennafélagsins á að minna okkur á samheldnina: á það jákvæða við að búa í þessari sveit, sem kannski hefur ekkert umfram aðrar sveitir, nema hvað menni þykir vænt um hana. Sérstaklega þegar fer að vora.”

„Af hverju gerir þú þá ekki stjórnarbyltingu í ungmennafélaginu og kjósið nýjan formann úr því þessi er ómögulegur?” spurði ég.

„Nýjan formann?” Kunningi minn beinlínis hvæsti. „Eg sem barðist fyrir því í sex mánuði að þessi samkennari minn yrði kjörin á aðalfundinum í júní. Og við rétt mörðum kosninguna. Hún fékk einu atkvæði fleira en forðagæslumaðurinn og slatta



alltaf regnkápuna mína með.” „Þú skilur ekki neitt,” sagði kunningi minn. „Við erum mörg áhyggjufull út af Herðisi.”

„Hver er mergurinn málsins? Hvað er það í fari konunnar sem veldur ykkur áhyggjum?”

Kunningi minn hrukkaði ennið og leit á mig eins og til að ganga úr skugga um að ég væri traustsins verður. Svo hallaði hann sér fram og setti um kaffibollann og hvíslaði:

„Við erum ekki frá því að kosningarnar hafi fengið svo mikið á hana, að hún sé komin með messiasarkomplex!”

„Messiasarkomplex? Hvaða sjúkdómur er það nú?”

„Jú, litlu á,” sagði hann. „Við höldum, að hún haldi að við ætlumst til einhvers af henni sem við ætlumst alls ekki til af henni.”

„Er það svo?” sagði ég.

„Eg er ekki frá því að hún haldi að við ætlumst til þess af henni að hún sé eitthvað annað og meira en hún er,” sagði kunn-

ingi minn og reisti við kaffibollann og hellti um leið niður úr mjólkurkornunni. „Hún er farin að vitna í skáld og spekinga í hverju orði og tala um menningararfinn og endar allar ræður á Íslandi allt.”

„Já, bittinu,” sagði ég. „Svona er þegar fólk lendir í háum embættum.”

„Háum og háum,” sagði kunningi minn. „Þér er velkomið að gera gys að ungmennafélaginu okkar, en okkur er ekki sama hver er formaður þess.”

„Mér er farið að skiljast það,” sagði ég.

„Við viljum hafa formann sem tákna samstöðu og góðan vilja til góbra verka: formann sem getur haldið góðar tækifærissæður: formann sem kann sig og lætur engan vaba ofan í sig — en við kærum okkur ekki um neina froðusnakka eða bullukolla eða einhverja afgamla sveitarrómantik. Við viljum bara venjulega

manneskju, sem getur stjórnað félaginu hávabalaust eins og gamli formaðurinn sem var að hætta, því hann var ágætur þótt sumum myndist hann orðinn dældið drjúgur með sig síðustu árin. Við viljum bara manneskju eins og Herðisi, sem er ágæt án þess að vera neinn snillingur fremur en við hin. Og við kærum okkur ekkert um að hún breytist. Hún á bara að vera eins og hún er.”

„En er hún gerbreytt núna?”

„Nei, ekki er það nú,” sagði kunningi minn. „Hún er dældið þreytt eftir kennslu í vetur og eftir kosninguna og allt uppistandið í sveitinni út af þessum aðalfundi, og okkur hefur fundist hún hlaupa dældið á sig upp á síðkastið. En það er aldrei að vita nema þetta rjátlist af henni. Hún verður vonandi aftur eins og hún á að sér.”

„Hefurðu sagt þetta við hana sjálfa?” spurði ég.

„Nei, ég hef nú einhverra hluta vegna ekki komist til þess,” sagði kunningi minn. „Eg hef verið að vona að þetta lagast af sjálfu sér.”

„Þú skalt ekki draga það að færa þetta í tal við hana, og ef hún verður ekki fegin þá hefur þetta alla tíð verið ómögleg manneskja.”

„Hún er fyrsta flokks manneskja,” sagði kunningi minn.

„Nú gott og vel,” sagði ég.

„Talaðu þá við hana eins og manneskju í staðinn fyrir að sitja yfir mér og hafa áhyggjur af henni.”

„Ætti ég að hringja í hana,” spurði kunningi minn, „því það má guð vita hvenær ég hitti hana næst.”

„Geturðu ekki bara sent henni línu?”

„Jú,” sagði kunningi minn. „Eg geri það.”

Og við vonum svo sannarlega að þær línur geti orðið formanni ungmennafélagsins nokkur ábending. „Um að vera hún sjálf og reyna ekki að vera annað og meira,” eins og kunningi minn sagði. „Því hún getur orðið ágætis formaður, ef hún hætta að hegða sér eins og þjóðhetja.”

Heimir Pálsson — Hrafn Gunnlaugsson — Jónas Jónsson — Magnea J. Matthías dóttir — Páll Heiðar Jónsson — Steinunn Sigurðardóttir — Þráinn Bertelsson



Hringborðið

1 dag skrifar Þráinn Bertelsson

ekki neinu.”

„Af hverju hefurðu þá áhyggjur af formanninum?”

„Það er nú einu sinni svo,” sagði kunningi minn, „að þetta er fámennur hreppur og við erum öll í ungmennafélaginu, bæði framsóknarmennirnir og kommarnir og kratinn og íhaldsmennirnir og okkur finnst eins og formaður ungmennafélagsins eigi að vera fulltrúi okkar allra og koma fram fyrir okkar hönd og halda ræður og svoleiðis.”

„En hreppstjórnin?” spurði ég. „Eða oddvitinn. Ekki liggur hreppsnefndin á meltu og lætur formann ungmenna-

unfram tófuskyttuna og hundahreinsunarmanninn. Okkur fannst tímabært að nútíminn léti á sér kræla í hreppnum. Vildum innleiða jafnréttið. Og kusum kvenmann. Í fyrsta sinn í sögu ungmennafélagsins. Það var mikil stund.”

„Nújæja?” sagði ég. „En hvers vegna ertu þá ekki ánægður?”

„Ánægður? Hver segir að ég sé ekki ánægður?” spurði kunningi minn. „Eg er áhyggjufullur. Það er allt annar handleggur.”

„Jú, ég skil,” sagði ég. „Eg er bjartsýnismaður en samt tek ég

10 ára svipting mannréttinda

vofir yfir Patrick Gervasoni, frönskum fríðarsinna sem vill ekki gegna herskyldu og hefur beðist hælís sem pólitískur flóttamaður á Íslandi

eftir Þröst Haraldsson

Herskylda er fyrirbæri sem íslendingar þekkja aðeins af afspurn. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki hefur her og íslenskur karlpeningur er því sá eini í alfunni sem ekki þarf að eyða hluta ungdómsára sinna í einkennisbúningi.

Það er einmitt þessi staðreynd sem orðið hefur til þess að 29 ára gamall Frakki, Patrick Gervasoni, hefur sótt um hæli sem pólitískur flóttamaður á Íslandi.

Í flestum löndum Evrópu hefur þeim mönnum sem af síðferðilegum, trúarlegum eða pólitískum ástæðum vilja ekki gegna herskyldu verið boðið upp á að sleppa við hana gegn því að vinna einhver þjónustu- eða mannúðarstörf í staðinn fyrir að klæðast einkennisbúningi og þjálfa sig í að drepa fólk.

Í Frakklandi eiga þeir þess að visu kost en með þvíilkum skilyrðum að á hverju ári reyna 4.000 ungrFrakkar að komast undan herskyldunni. 18.000 aðrir hafa tekið þann kost að fara huldu höfði og lifa neðanjarbar eða í útlegð, án skilríkja (sem menn eru skyldugir að bera á sér samkvæmt frönskum lögum), hundeltir af lögreglu og með fangelsisvist yfir höfði ef þeir nást.

Patrick Gervasoni er einn þessara manna. Hann er alinn upp á upptökuheimili og strauk þaðan 17 ára gamall. Árið 1971 höfðu yfirvöld uppi á honum og vildu setja hann í herinn. Hann neitaði og hvarf undir jörðina. Hann tók þátt í baráttu þeirra sem neita að gegna herskyldu og varð það til þess að yfirvöld náðu honum, settu hann í fangelsi og tróðu honum svo í einkennisbúningi. Patrick flúði og var dæmdur fjarverandi fyrir líðhlaup. Síðastliðin

9 ár hefur hann farið huldu höfði, síðustu árin í Hollandi, Belgíu og Danmörku. Nú er hann orðinn langþreyttur á þessu lífi utan við lög og rétt. Hann vill setjast að, fá sér vinnu og hefja eðlilegt líf í fríði við yfirvöld.

En það er hægara sagt en gert. Frönsk yfirvöld neita honum um uppgjöf saka og vilja heldur ekki láta hann fá vegabréf eða önnur skilríki. Meðan svo er ástatt getur hann ekki sest neins staðar að því öll lönd krefjast pappira. Hann sótti um leyfi til að setjast að á Íslandi en var neitað. Nú hefur hann breytt umsókninni og farið fram á hæli sem pólitískur flóttamaður á Íslandi.

Vilja ekki skrifast á við „svona fólk”

Fyrir nokkru var Patrick á ferð í Arósum. Þar hitti ég hann og bað hann að segja frá aðstæðum sínum og ástæðunni fyrir að hann vill setjast að á Íslandi.

— Hún er sú að Ísland er eina landið sem hugsanlega tekur á móti mér. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki hefur her og þar gilda því engar reglur um þá sem neita að gegna herskyldu.

— Nú hefur þú haft samband við franska sendiráðið í Kaupmannahöfn í því skyni að fá skilríki, hvornig var þér tekið?

— Mér var neitað án nokkurrar gildirar ástæðu. Mér var sagt í síma að undanfarin 30 ár hafi menn sem neita að gegna herskyldu ekki fengið skilríki og að það standi ekki til að breyta því. Eg hef ekki getað fengið þetta skriflegt því sendiráðið vill ekki standa í bréfaskriftum við „svona fólk”. Eg hef aldrei haft nein skilríki því eftir að ég flúði af upptökuheimilinu gat ég ekki farið til

lögreglunnar og beðið um þau, ég hefði lent í fangelsi. En ég fór úr landi til þess að reyna að fá skilríki meðan ég nyti réttarverndar annars ríkis. Það hefur ekki gengið.

Tekinn á landamærunum

— Hvað myndi gerast ef þú snerir aftur til Frakklands?

— Eg yrði tekinn á landamærunum og farið með mig í herbúðir. Vegna þess að ég hef verið dæmdur fyrir að vika undan herþjónustu og fyrir líðhlaup þá yrði ég vafalaust settur í fangelsi. Síðan verður reynt að neyða mig í einkennisbúning og eftir að ég hef neitað því þrisvar er kominn grundvöllur til að dæma mig á nýjan leik.

— Hvaða aðili dæmir í máli þínu?

— Það er herðómstóll. Slíkir dómstólar hafa vald til að dæma menn í Frakklandi og þeir hafa mun meiri völd en t.d. hér á Norðurlöndum þar sem þeir verða að

vísa öllum málum til borgaralegra dómstóla eftir tveir vikur. Í þessum herðómstólum eru bæði dómari og saksóknari frá hernum en ég hef rétt til að velja mér borgaralegan verjanda. (Ekki er þó haft fyrir að segja mönnum frá þessum rétti þeirra og því leika herforingjar öll hlutverkin þrjú í 98% þeirra mála sem fyrir dómstólana koma.) Það er ekki hægt að áfrýja dómi sem maður hlýtur hjá svona dómstóli. Þetta kerfi var fyrst tekið upp í tíð leppstjórnar nasista sem kennd var við Vichy. Eftir stríð var því breytt en ég held að það hafi verið de Gaulle sem kom því á aftur í kringum 1960.

— Hvað tekur svo við, herfangelsi?

— Nei, þau voru lögð niður 1974. Í þeirra stað eru komnar sérstakar deildir í almennum fangelsum. Eg get átt von á allt að tveggja ára fangelsisvist. Eg ætla að nefna dæmi um mann sem var dæmdur árið 1976 svo þú sjáir

hverju ég get átt von á.

Í september 1976 var Jean-Louis Barbanson dæmdur í Lyon fyrir að neita að gegna herskyldu. Hann hlaut tiltölulega vægan dóm því af 18 mánaða fangelsisdómi voru aðeins 2 mánuðir óskilorðsbundnir. En eftir þessa 2 mánuði tóku við þrjú ár sem hann var undir eftirliti dómarsins sem dæmdi í málinu. Dómarinn, sem í raun er herforingi, ákveður hvar hann á að búa og velur honum atvinnu. Yfirleitt er mönnum komið fyrir á afskekktum stöðum og í þessi þrjú ár mega þeir ekki fara út fyrir sýsluna. Að þessum þremur árum loknum taka við önnur 5. Þá má sá dæmdi sjálfur velja sér bústað og vinnu en hann verður að mæta reglulega til dómarsins og hann má ekki sýna sig opinberlega, hann má í raun ekki gera annað en að fara í vinnuna og heim aftur. Hann má ekki fara á höll eða fundi og heldur ekki í samkvæmi hjá kunningjum sínum.

Þetta er mjög dæmigerður dómur yfir þeim sem neita herskyldu af pólitískum ástæðum. Tilgangur hans er sá að koma í veg fyrir að sá dæmdi hafi afskipti af pólitík eða geti rekið áróður gegn hernum.

Eru ekki kindur á Íslandi?

— Og nú vilt þú fara til Íslands. Hvað bíður þín ef þér er synjað um hæli?

— Þá neyðist ég til að halda áfram að búa hér í Danmörku og get átt von á því hvenær sem er að útlendingaefirlitið vísi mér úr landi. Eg verð að búa ólöglega vegna þess að aðild Dana að EBE kemur í veg fyrir að þeir geti veitt mér landvistarleyfi. Eg hef enga möguleika á að hljóta landvistarleyfi í öðru EBE-landi. En ég veit virkilega ekki hvað ég á að taka til brags ef Ísland hafnar mér.

Eg verð að viðrúka að ég veit ósköp lítið um Ísland. Eru ekki kindur þar? En ég vona að íslensk yfirvöld séu svo lýðræðisleg að þau skilji stöðu mína og veiti mér hæli, segir Patrick Gervasoni.

„Bíðum eftir gögnum”

Íslenska dómsmálaráðuneytið hefur nú umsókn Patrick's til meðferðar. Að sögn Ólafs W. Stefánssonar skrifstofustjóra er ráðuneytið að bíða eftir gögnum í málinu, fyrr en þau komi verði engin ákvörðun tekin.

Ólafur sagði að ekki væri algengt að beiðni bærist til Íslands um pólitískt hæli, ef frá eru taldir hópar á borð við Vietnamana. Þó væri hér reytingur af fólkli sem með einhverjum hætti hefði orðið skilríkjalást eftir komu sína hingað og nyti það vistréttar. Hann sagði að það væri spurning hvort póli-

tískt hæli fengi staðist sem lagalegt hugtak og það þyrfti að kanna. — Í því sambandi hlýtur að vakna sú spurning hvort viðkomandi eigi aðgang að sínu heimalandi og þess vegna erum við nú að bíða eftir upplýsingum um feril Patrick's Gervasonis, sagði Ólafur.

Þess má geta að nokkur pólitísk samtök hafa lýst yfir stuðningi sínum við mál Patrick's og hvatt yfirvöld til að verða við beiðni hans. Þá hafa nokkrir menn gengið í það að útvega honum samastað og atvinnu hér á landi.